



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is

744. fundur

Árið 2019, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 22. maí, kl. 15:30 á skrifstofu S.S.S., Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kolbrún Jóna Pétursdóttir, Hjálmar Hallgrímsson, Einar Jón Pálsson, Ingþór Guðmundsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. *Samningur um viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja.*

a) *Tilnefning í byggingarnefnd.*

Stjórn S.S.S. felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram til næsta fundar, jafnframt óska eftir tilnefningu frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja í byggingarnefnd.

2. *Aðalfundarboð Fisktækniskóla Íslands.*

a) *Tilnefning í stjórn Fisktækniskóla Íslands.*

Stjórn S.S.S. tilnefnir Guðjón Guðmundsson sem aðalfulltrúa í stjórn Fisktækniskóla Íslands og Berglindi Kristinsdóttur sem varafulltrúa.

3. *Bréf frá Fjármála- og Efnahagsráðuneytinu dags. 3. maí 2019 vegna laga um opinber innkaup og breytingar er varða sveitarfélög.*

Lagt fram.

4. *Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um tillögu um fjármálaáætlun 2020-2024, 750. mál.*

Framkvæmdastjóri S.S.S. sagði frá fundi með Fjárlaganefnd Alþings þar sem hann fylgdi eftir umsögn um Fjármálaáætlun 2020-2024.

5. *Mat á framkvæmd Sóknaráætlun landshluta 2015-2019– skýrsla unnin fyrir Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið.*

Lagt fram.

6. *Önnur mál.*

Bókun stjórnar S.S.S. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, þingskjal nr. 1236 – mál 776.

Fyrir Alþingi Íslands liggur fyrir frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, er snúa að stjórn veiða á makríl.

1
H.H. B.N. J.G.
K.P. S.S.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 • 235 Reykjanesbær • Kt. 640479-0279
Sími 420 3288 • Netfang sss@sss.is


Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum vekur athygli á því að veiðar og vinnsla á l makríl skipta miklu máli fyrir atvinnulíf á Suðurnesjum. Gera má ráð fyrir því að um og yfir 200 manns hafi atvinnuvinnu á svæðinu á hverju veiðitímabili.

Veiðar og vinnsla á makríl skiptir því bæjarfélögin á Suðurnesjum miklu máli, ekki síst nú í ljósi atvinnuleysis á Suðurnesjum. Eftir gjaldþrot Wow Air hefur atvinnuleysi aukist og er nú 6,6% á Suðurnesjum meðan að landsmeðaltal er rúmlega 3,5%.

Stjórn S.S.S. leggur því mikla áherslu á að breytingar á frumvarpinu í meðferð Alþingis verði ekki til þess að enn fleiri einstaklingar á Suðurnesjum missi atvinnu sína.

Næsti fundur stjórnar verður þann 24.júní kl. 8:00.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.


Kolbrún Jóna Pétursdóttir


Einar Jón Pálsson


Hjálmar Hallgrímsson


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir